

10. NÓVEMBER
2022

HARPA
ELDBORG

Tónelskir töfrar

GRÆN TÓNLEIKARÖÐ



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Töfraflautan, forleikur 7'

Stef uglunnar Hedwig 5'

Sígaunaljóð 9'

Lærisveinn galdrameistarans 12'

Eldfuglinn, hluti 12'

Upphaflega átti Sigrún Eðvaldsdóttir að koma fram sem einleikari
á tónleikunum en hún þurfti frá að hverfa vegna meiðsla.

Tónleikunum er sjónvarpað beint á RÚV og útvarpað síðar á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Tónelskir töfrar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Nathanaël Iselin

Hljómsveitarstjóri

Páll Palomares

Einleikari

Halla Oddný Magnúsdóttir

Kynnir

Wolfgang Amadeus Mozart

Töfraflautan, forleikur (1791)

John Williams

Stef uglunnar Hedwig, úr Harry Potter™ (2001)

Pablo de Sarasate

Sígaunaljóð (1878)

Moderato

Lento

Un poco più lento

Allegro molto vivace

Paul Dukas

Lærisveinn galdrameistarans (1897)

Ígor Stravinskíj

Eldfuglinn, hluti (1910)

Vítisdansinn

Vögguvísa eldfuglsins

Lokasálmur

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: en.sinfonia.is.



Nathanaël Iselin

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Franski hljómsveitarstjórinn Nathanaël Iselin er staðarhljómsveitarstjóri hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands starfsárið 2022-2023. Iselin hefur vakið mikla athygli fyrir tónlistarhæfileika sína á undanförunum árum. Hann er aðstoðarstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Árósa og hlaut í fyrra fyrstu verðlaun í hinni virtu Panula-hljómsveitarstjórakeppni sem haldin er í Vaasa í Finnlandi.

Á síðasta starfsári stjórnaði Iselin meðal annars Þjóðarhljómsveitinni í Montpellier og Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti í Finnlandi. Árið 2019 stjórnaði hann Fílharmoníusveit Kaupmannahafnar á sérstökum hátíðartónleikum fyrir Margréti Þórhildi Danadrottningu.

Iselin lærði hljómsveitarstjórn við fjóra af kunnustu tónlistarháskólum Evrópu: Sibeliusarakademíuna í Helsinki, Conservatoire National Supérieur de Musique í París, Hochschule der Künste í Zürich og Konunglega Danska tónlistarháskólann. Meðal lærimeistara hans voru Mariss Jansons, Susanna Mälkki og Jorma Panula. Iselin er einnig slagverksleikari og hefur meðal annars leikið með Ensemble Intercontemporain og Óperuhljómsveitinni í Limoges.

Hann stjórnaði Sinfóníuhljómsveit Íslands á páska-tónleikum 2022 og var í kjölfarið boðin staða staðarhljómsveitarstjóra.



Páll Palomares

EINLEIKARI

Páll Palomares er einn af fremstu fiðluleikurum landsins. Hann hóf fiðlunám sex ára gamall undir handleiðslu foreldra sinna, Unnar Pálsdóttur og Joaquín Palomares. Hann gegnir nú stöðu leiðara 2. fiðlu í Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áður gegndi hann sömu stöðu hjá Randers Kammerorkester í Danmörku. Hann hefur leikið fjölda einleikskonserta með hljómsveitum á íslenski og erlendri grundu og ber þar hæst að nefna fiðlukonserta Sibeliusar og Tsjajkovskíjs með Sinfóníuhljómsveit Íslands, fiðlukonsert Brahms með Sinfóníuhljómsveit Árósa, fiðlukonsert Beethovens með Sinfóníuhljómsveit í Torrevieja, Mozart með Orquesta Sinfónica de la Región de Murcia og Árstíðirnar eftir Vivaldi með Orchestra Femminile Italiana. Páll er jafnframt virkur í kammertónlist og hefur haldið tónleika víða í Evrópu; á Íslandi, Spáni, Þýskalandi, Englandi, Ítalíu, Frakklandi, Búlgaríu, Færeyjum, Danmörku og Hollandi.

Páll hefur hlotið margvísleg verðlaun á ferli sínum. Hann var sigurvegari íslensku keppinnar „Ungir einleikarar“ árið 2007, hlaut verðlaun í „Danish String Competition“ árið 2014 auk fjölda verðlauna í keppnum Konunglega Tónlistarháskólans í Kaupmannahöfn. Páll hefur sótt masterklassa hjá mörgum af virtustu fiðluleikurum heims. Meðal þeirra eru Guilles Apap, Pekka Kuusisto, Noah Bendix-Balgley og Nikolaj Znaider.

Páll lauk meistaraþráðu og síðar sólistanámi við Konunglega Tónlistarháskólann í Kaupmannahöfn árið 2018 undir handleiðslu Serguei Azizian. Hann lauk einnig bakkalárþráðu í hinum virta Hochschule für Musik „Hanns Eisler“ í Berlín árið 2013, en áður hafði hann lokið námi við Tónlistarskóla Kópavogs og Listaháskóla Íslands þar sem hann naut leiðsagnar Margrétar Kristjánsdóttur og Auðar Hafsteinsdóttur. Hann er meðlimur og einn af stofnendum Kordo kvartettsins sem hefur notið mikilla vinsælda hérlendis síðan 2020.



Wolfgang Amadeus Mozart

TÖFRAFLAUTAN, FORLEIKUR

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) hafði lokið við að semja langstærstan hluta *Töfraflautunnar* í júní 1791 en verkið var frumflutt í Vínarborg – í gamanleikhúsinu Theater auf der Wieden – hinn 30. september sama ár, röskum tveimur mánuðum áður en tónskáldið lést. Tónskáldið lét þó ekki þar við sitja, heldur samdi aðra óperu í júlí þá um sumarið sem nefnist *La clemenza di Tito* og var frumflutt í Prag snemma í þessum sama septembermánuði, upphaflega við dræmar viðtökur en verkið sló síðar í gegn. Mozart var því önnur kafinn þá um haustið og kom ekki til Vínarborgar til æfinga á *Töfraflautunni* fyrr en um tveimur vikum fyrir frumsýninguna. Þegar hér kom sögu var tónskáldið komið í skuldir víða og þurfti því sannarlega á tekjum að halda. Ein besta leiðin til þess að afla fjár var einmitt að semja vinsæla óperu; kennsla og einleikstónleikar gáfu enda lítið í aðra hönd. Margt er á huldu um viðtökur *Töfraflautunnar* á frumsýningarkvöldinu en fræðimenn hafa leitt að því getum að þær hafi verið góðar, enda var umsvifalaust uppselt á sýningarnar sem á eftir fylgdu.

Við erum sannarlega komin í töfraheim en ekki bara í tilliti til sögunnar sem verkið er reist á (rætur hennar hafa verið raktar til að minnsta kosti átta ólíkra heimilda). Tónlistin er með því allra besta sem Mozart samdi nokkru sinni, næm en jafnframt íhugul auk þess sem persónusköpun óperunnar er víðfeðm. Þá er verkið fullt af alls kyns táknum. Við heyrum það strax í upphafi forleiksins þar sem hljómar eru endurteknir þrisvar sinnum. Mikið hefur verið gert út frímúraradulspeki verksins (Mozart var frímúrari og það var textahöfundurinn, Emanuel Schikaneder, líka) en eitt er víst að hver sá sem fer að hlýða á *Töfraflautuna* gengur inn í undraheim tónlistar og leikhúss.

Forleikurinn að Töfraflautunni var fyrst fluttur 1959 í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Næst var forleikurinn fluttur þrisvar árið 1974, tvisvar undir stjórn Karstens Andersens, í Háskólabíói og á Borg í Grímsnesi og einu sinni undir stjórn Páls P. Pálssonar í Hlégarði. Páll stýrði svo aftur flutningi árið 1977 í Félagsbíói í Keflavík. Meðal annarra sem stjórnað hafa forleiknum hérlendis eru Garðar Cortes, Guðmundur Emilsson, Bernharður Wilkinson, Eivind Aadland, Hannu Lintu, Matthew Halls og Keri-Lynn Wilson. Síðast hljómaði forleikurinn á Tónsprotatónleikum Sí undir stjórn Michelle Merrill árið 2019. Þá hefur forleikurinn hljómað oft á skólatónleikum Sí auk þess sem Íslenska óperan hefur fært óperuna upp, bæði í Gamla bíói og Hörpu.



Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður leikið tónlistina úr myndunum um Harry Potter™, nú síðast á sérstökum Harry Potter-tónleikum árið 2021 þar sem tónlistin við fyrstu myndina, Harry Potter og viskusteinninn™, var flutt við kvikmyndina sjálfa. Í mars á næsta ári verður Harry Potter og leyniklefinn™ flutt með sama hætti á tónleikum Sí.

John Williams

STEF UGLUNNAR HEDWIG (ÚR HARRY POTTER™)

Fyrsta kvikmyndin um Harry Potter og félagar hans kom út árið 2001 og sló eftirminnilega í gegn, rétt eins og bækurnar höfðu gert. Með myndinni öðluðust leikararnir ungu, Daniel Radcliffe og Emma Watson, heimsfrægð og þessi ævintýraveröld varð ljóslifandi á hvíta tjaldinu. Fyrsta myndin hlaut til að mynda þrjár tilnefningar til Óskarsverðlauna og sjö framhaldsmyndir bættust við á næstu níu árum.

Tónlistin leikur stórt hlutverk í myndunum um Harry Potter enda sjálfur John Williams (f. 1932) sem samdi hana og hefur hlotið fyrir hana fjöldann allan af viðurkenningum. Williams notar leiðsögustef í tónlist sinni, lætur meginpersónur og staði hafa eigin stef sem hafa sterkan blæ, þar á meðal meginstefið sem kennt er við ugluna Hedwig. Við heyrum stefið fyrst leikið undurblítt en svo sækir hljómsveitin í sig veðrið og verkið opnast í öllu sínu veldi.



Pablo de Sarasate

SÍGAUNALJÓÐ

Spænski fiðluvirtuósinn, tónskáldið og hljómsveitarstjórinn Pablo de Sarasate (1844–1908) hóf að nema fiðluleik hjá föður sínum fimm ára gamall en tónlistarhæfileikarnir voru slíkir að honum var snemma komið í læri hjá virtum kennurum, fyrst í Madrid en síðar í París. Leiðin var þó að mörgu leyti grýtt; móðir hans lést í lestinni á leiðinni til Parísar og sjálfur glímdi Sarasate við kóleru við komuna til borgarinnar. Eftir að hafa náð heilsu og numið í Frakklandi lagði Sarasate heiminn hins vegar að fótum sér sem fiðlusnillingur og kom fram víða, raunar heimshorna á milli.

Sarasate er helst minnst nú á dögum fyrir tónsmíðar sínar, einkum *Sígaunaljóð* (1878) og *Carmen-fantasíuna* (1882). *Sígaunaljóð*, sem er í fjórum samhangandi þáttum, var frumflutt í Leipzig og hefur allar götur síðan notið mikilla vinsælda, ekki hvað síst fyrir grípandi stef og kröfur sem verkið gerir til einleikarans. Það er ekki hvað síst stefið í þriðja hluta verksins sem íslenskir áhorfendur þekkja (*Til eru fræ*) í rómuðum flutningi Hauks Morthens. Sarasate – eins og margir samtíðarmenn hans – taldi stefið komið frá Rómavólki en hér skrikaði honum fótur, enda er um að ræða ungverskt lag eftir Elemér Szentirmay (1836–1908). Þá er stefið í fjórða hlutanum sótt í *Ungverska rapsódíu nr. 13* eftir Franz Liszt (csárdás). En hver svo sem uppruni stefjanna kann að reynast er engum blöðum um það að fletta að verkið er glæsilegt og heillar alla sem á það hlýða.

Sígaunaljóð hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1977 sem fram fóru í tónleikaferð í Færeyjum. Einleikari var Guðný Guðmundsdóttir og stjórnandi Páll P. Pálsson. Verkið var svo flutt á Íslandi síðar sama ár, þá á tónleikum í Garðabæ. Verkið hljómaði 2008 á Vínartónleikum undir stjórn Ernst Kovacic og á Jólatónleikum 2010 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar en þá var Hlér Kristjánsson í hlutverki einleikarans. Síðast hljómaði Sígaunaljóðið í meðförum Sigrúnar Eðvaldsdóttur 2011 á opnunarhátíð í Hörpu undir stjórn Petri Sakari.



Lærisveinn galdrameistarans hefur margoft hljómað í flutningi Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands. Verkið var frumflutt á Íslandi af hljóm- sveitinni í Þjóð- leikhúsinu árið 1954 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og flutt undir hans stjórn aftur ári síðar. Síðan þá hafa fjölmargir hljóm- sveitarstjórar stýrt flutningi hljóm- sveitar- innar á verkinu, þar á meðal Jean-Pierre Jacquillat, Karsten Andersen, Páll P. Pálsson, Gunnsteinn Ólafsson, Takuo Yuasa, Dmitrj Sitkovetsky, Alexander Vedernikov og Bernharður Wilkinson. Síðast hljómaði verkið í Franskri veislu undir stjórn Yan Pascal Tortelier 2017.

Paul Dukas

LÆRISVEINN GALDRAMEISTARANS

Franska tónskáldið Paul Dukas (1865–1935) er lang- þekktastur fyrir verkið *Lærisveinn galdrameistarans* en það var frumflutt við mikinn fögnuð undir stjórn tónskáldsins í París árið 1897. Önnur verk hans hafa fallið í skuggann. Þau voru að vísu ekki ýkja mörg, enda hætti hann oftár en ekki í miðjum klíðum eða þá eyðilagði fullbúnar tónsmíðar en hann var afar gagnrýnn á eigin verk. Raunar hætti Dukas alveg að semja síðustu árin og kenndi þess í stað tónsmíðar en meðal frægustu nemenda hans voru Messiaen og Durufé.

Sagan um lærisvein galdrameistarans sem á að sinna húsverkum en notar galdur meistarans til þess að létta sér störfin hefur verið rakin aftur til Johanns Wilhelms von Goethes, það er að segja í ballöðu þýska rithöfundarins. Sveininum leiddist sú iðja að sækja vatn og brá meðal annars kústinum fyrir sig við vatnsburðinn. Ekki fór betur en svo að kústurinn sótti vatnsfötu eftir vatnsfötu og allt fer út um þúfur uns galdrameistarinn snýr aftur og léttir álögunum.

Fimm árum eftir lát Dukas árið 1940 varð *Lærisveinn galdrameistarans* hluti af Disney-myndinni *Fantasíu*, en þar er Mikki mús í hlutverki lærisveinsins ólánsama.



Ígor Stravinskí

ELDFUGLINN, HLUÐI

Það var árið 1909 sem rússneski athafnamaðurinn Sergej Djagílev fór þess á leit við Ígor Stravinskí (1882–1971) að hann semdi verk fyrir dansflokkinn Ballet Russes í París. Þá var Stravinskí ekki nema 27 ára gamall en hafði þó vakið athygli með verkum á borð við *Flugelda* (Feu d'artifice). Þess ber þó að geta að Stravinskí var ekki fyrsta tónskáldið sem Djagílev leitaði til (Glasúnoff hafði til að mynda sagt nei). Hér lá mikið við, enda var hið nýja verk, *Eldfuglinn*, frumflutt í Parísáóperunni í júní 1910. Fagnaðarlátunum ætlaði aldrei að linna og raunar héldu þeir Stravinskí og Djagílev samstarfi sínu áfram með ballettunum *Petrúsku* (1911) og *Vorblóti* (1913).

Danshöfundurinn Michel Fokine spann söguþráð ballettsins upp úr rússneskum þjóðsögum. Sögd er sagan af ungum prins, Ívan, sem reynir að handsama göldróttan eldfugl án árangurs. Í öndverðu hrífst prinsinn af prinsessu einni sem er í haldi Kastseis hins illa, en liðsmenn hans handtaka prinsinn og skal hann mæta sömu örlögum og aðrir vonbiðlar prinsessunnar, þ.e.a.s. að honum verði breytt í stein. Í skyndingu man Ívan að hann hefur fjöður eldfuglsins í fórum sínum. Þegar hann veifar fjöðrinni birtist eldfuglinn og með töfrum sínum magnar hann upp ofsafenginn vítisdans sem Kastsei og liðsmenn hans dansa án þess að fá við nokkuð ráðið. Því næst hljómar vögguvísa og með henni svæfir eldfuglinn Kastsei og tjáir prinsinum um leið að eina leiðin til þess að eyða mætti Kastseis sé að brjóta fjöregg hans. Prinsinn kastar þá fjöregginu til jarðar og náttmyrkrið sem hafði umlukið ríki Kastseis vikur fyrir nýjum degi. Vonbiðlarnir vakna aftur til lífsins og verkinu lýkur á upphöfnum gleðidansi. Við grípum niður í verkið þar sem vítisdansinn hefst og hlýðum á til enda.

Magnús Lyngdal Magnússon

Tónlistin við Eldfuglinn hefur margoft hljómað í flutningi Sinfóníuhljóm-sveitar Íslands, ýmist ballettinn í heild sinni, svíta úr honum eða einstakir þættir. Svíta út ballettinum var frumflutt á Íslandi árið 1954 undir stjórn Eugenés Goosens. Meðal annarra sem stjórnað hafa Eldfuglinn í hluta eða heild eru Bohdan Wodiczko (1972), Paul Zukofsky (1980), Petri Sakari (1992 og 1997 í tónleikaferð til Grænlands), Vladimir Ashkenazy (2004), Rumon Gamba (2009), Ilan Volkov (2010), Yan Pascal Tortelier (2016) og Daníel Bjarnason (2016 og 2020). Verkið hefur einnig verið flutt í hluta eða heild á fjölda skólátónleika.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

Á döfinni

17.11 FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Sinfónískir dansar

Sinfónískir dansar Rakhmanínovs hafa fyrir löngu skapað sér sess meðal bestu hljómsveitarverka tónskáldsins. Hér flytur Sinfóníuhljómsveit Íslands þetta magnaða verk undir stjórn eistneska hljómsveitarstjórans Olari Elts. Á tónleikunum hljómar einnig konsert fyrir fiðlu, selló og bajaran eftir Sofíu Gubaidulinu í flutningi lettneska fiðluleikarans Baibu Skride, hollenska sellóleikarans Harriet Krijgh og litháenska harmonikkuleikarans Martynas Levickis. Þá hljómar verk Páls Ragnars Pálssonar, Yfirráðandi kyrrð, sem tilnefnt var til alþjóðlegu Rostrum-verðlaunanna.

18.11 FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Æskuverk með Baibu og Harriet

Á þessum tónleikum í Föstudagsröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Norðurljósum hljóma tvö innblásin æskuverk fyrir strengjaoktett eftir ólík tónskáld sem þó áttu það sameiginlegt að vera undrabörn á sviði tónsmíða: Mendelssohn og Shostakovitsj. Um leið gefst áheyrendum tækifæri til að kynna fiðluleikaranum Baibu Skride og sellóleikaranum Harriet Krijgh í samhengi kammertónlistar sem þær stunda af miklu listfengi, en báðar koma fram kvöldið áður í þríleikskonsert Sofíu Gubaidulinu undir stjórn Olari Elts.



Á döfinni

01.12 **FIMMTUDAGUR**
Kl. 19:30



Aðventutónleikar Sinfóníunnar

Á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands hljóma bæði þekktar barokkperlur og faldir fjársjóðir tónlistarsögunnar, en stjórnandinn Jonathan Cohen er einn fremsti barokkstjórnandi Bretlands af yngri kynslóðinni. Í upphafi hljómar forleikurinn að óperunni Talestri eftir Maríu Antoníu Walpurgis, prinsessu af Bæjaralandi, áður en þær Vera Panitch og Steiney Sigurðardóttir (Dúó Edda) leika hinn víðfræga tvíleikskonsert Antonios Vivaldi í B-dúr fyrir fiðlu og selló. Enski kontratenórinn Tim Mead kemur einnig fram á tónleikunum en hann er meðal fremstu söngvara á sínu sviði í heiminum í dag og syngur meðal annars hina gullfallegu aríu Ombra mai fu úr óperunni Xerxes. Tónleikunum lýkur á einni dáðustu sinfóníu Mozarts, Sinfóníu nr. 40 í g-moll.

17.12 **LAUGARDAGUR**
Kl. 14:00 & 16:00

18.12 **SUNNUDAGUR**
Kl. 14:00 & 16:00



Jólatónleikar Sinfóníunnar

Sannkölluð hátíðarstemning ríkir jafnan á Jólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og eru þeir á meðal vinsælustu tónleika sveitarinnar. Á tónleikunum í ár hljómar fjölbreytt tónlist sem hefur verið ómissandi í jólahaldi í gegnum tíðina. Einsöngvararnir Alexander Jarl Þorsteinsson, Björk Nielsdóttir og Kolbrún Völkudóttir ásamt Stúlknakór Reykjavíkur, Litlu sprotunum og Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja sígildar jólaperlur. Dansarar úr Listdansskóla Íslands svífa um Eldborg og hljóðfærahópar skipaðir ungu tónlistarfólki stíga á stökk. Kynnir á tónleikunum er trúðurinn Barbara, leikinn af Halldóru Geirharðsdóttur. Þetta eru tónleikar sem ekkert jólabarn má láta fram hjá sér fara.

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch
Rannveig Marta Sarc
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Lin Wei
Margrét Kristjánsdóttir
Amalie Kjaeldgaard
Bryndís Pálsdóttir
Chen-Jui Hu
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Joanna Bauer
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Mads Haugsted
Greta Guðnadóttir
Kristján Matthíasson
Hekla Finnsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Jevgenija Frolova
Sarah Buckley
Kathryn Harrison
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir

Selló

Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Júlía Mogensen
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir

Bassi

Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau (piccolo)

Óbó

Julia Hantschel
Peter Tompkins
Matthías Nardeau

Klarínnett

Grímur Helgason
Baldvin Ingvar Tryggvason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Antti Salovaara
Bryndís Þórsdóttir
Hrafn Marinó Thorarensen

Kontrafagott

Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjörn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson
Jóhann Ingvi Stefánsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Nimrod Ron

Harpa

Katie Buckley

Píanó/Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Eggert Pálsson
Helgi Þorleiksson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Valdís Þorkeldsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Jökull Torfason
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfisdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Guðmundur Andrés Erlingsson
sviðs- og tækniamaður

EXPERIENCE THE MAGIC OF THE FILM WITH A LIVE ORCHESTRA



Harry Potter
AND THE
CHAMBER
OF SECRETS.
— IN CONCERT —

22.–25. MARS, 2023

HARPA • REYKJAVÍK

Hljómsveitarstjóri: Timothy Henty

Miðasala á sinfonia.is • HarryPotterInConcert.com



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



PART OF THE HARRY POTTER™ FILM CONCERT SERIES • BROUGHT TO YOU BY CINECONCERTS

WIZARDING WORLD and all related trademarks, characters, names, and indicia are © & ™ Warner Bros. Entertainment Inc. Publishing Rights © JKR. (s22)



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Aðventutónleikar Sinfóníunnar

VIVALDI, HÄNDEL OG MOZART

01.12 | 19:30

MIÐASALA Í HÖRPU OG SINFONIA.IS